

Fundur í fjallskilanevnd Landbrots- og Miðafréttar

16. júlí 2015 kl. 21:00. Haldinn á Kirkjubæjarklaustri II.

Mætt voru: Eyþór Valdimarsson, Valmundur Guðmundsson og Fanney Ólöf Lárúsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fjallskil 2015


Rætt um ráðningu fjallkóns á Landbrotsafrétti og ákveðið að byrja á að leita til Bjarna Bjarnasonar Hraunkoti. Formanni falið málið.

Daggjald og fjártölur eru komnar frá sveitarstjóra. Daggjald 2015 er kr. 13.613.

Önnur mál

- Þar sem óljóst er eftir hvaða landbótaáætlun farið skuli hafði formaður samband við Matvælastofnun og var það mat Sverris Sverrissonar að farið skyldi eftir nýju áætluninni.
- Rætt um girðingarmál enn einu sinni. Spáð í vegalengdir, efniskaup og fleira. Formanni falið málið.
- Rætt um ástand gangnamannakofans í Leiðólfsfelli. Ákveðið að athuga með að stofna hugsanlega félag um endurnýjun kofans og kanna hvernig fyrirkomulagið er með kofann í Miklafelli.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið.


Fanney Ólöf Lárúsdóttir

Skaftárhreppur

Klausturvegi 15

880 KIRKJUBÆJARKL.

Fjallskilaseðill Landbrots- og Miðafréttar 2015



FJALLSKILASEÐILL 2015

Fjallskil 2015:

Fjallskilanevnd fyrir Landbrots- og Miðafrétti gjörir kunnugt að fjallskil á nefndu svæði skuli fara fram haustið 2015, eins og hér segir:

Þriðjudaginn 8. september skal farið í 1. safn. Við smölun afréttanna skal hafa eins gott samsafn og kostur er.

Réttardagur verður að forfallalausum laugardaginn 12. september og réttarstörf hefjast kl. 9:00.

Fjallkóngar verða þeir Sigurjón Fannar Ragnarsson, Þykkvabæ III, á Landbrotsafrétti og Sverrir Gíslason, Kirkjubæjarklaustri II, á Miðafrétti.

Skyldir eru safnsmenn að hlýða án tafar öllum forsvaranlegum fyrirmælum fjallkónga.

Réttarstjórar verða þeir Sverrir Gíslason og Sigurjón Fannar Ragnarsson.

Þar sem stefnt er að smölun í 2. safni taki aðeins 2 daga er fjallkóngum falið að hafa samráð, meta veðurútlit og ákveða smalaðaga, en miðað er við að þeir verði ekki seinna en helgina 26. – 27. september ef því er við komið. Einnig er þeim falið að ákveða hvenær farið verður í 3. safn.

Samkvæmt fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2015 er ekki gert ráð fyrir að sveitarfélagið greiði fyrir akstur og mun því mögulegur kostnaður vegna aksturs koma til niðurfjöfnunar á fjáreigendur og lögbýli.

Sigurður Kristinsson, Hörgslandi II, hefur verið ráðinn til að fara með fé í 1. og 2. safni af Út-Síðu og úr Landbroti úr Fossrétt í Skaftárrétt, og fé af Austur-Síðu úr Skaftárrétt í Fossrétt. Fjáreigendur verða sjálfir að sækja fé sitt á eigin kostnað í 3. safni og utan lögsafna.

Daggjald á afrétti hefur verið ákveðið kr. 13.613 á öllum afréttarsvæðum sveitarfélagsins haustið 2015. Fæðiskostnaður er innifalinn í daggjaldi. Allir reikningar vegna fjallskila, sem lagðir eru fram til greiðslu hjá oddvita, skulu vera samþykktir af fjallkóngi eða formanni fjallskilanevndar. Reikningum vegna fjallskila skal skila til formanns fjallskilanevndar eigi síðar en 1. nóvember.

Fjallskilanevndin vill því koma því á framfæri til landeigenda að þeir brýni fyrir smölum sínum, hvort sem þeir eru á hestum, hjólum eða bílum að ganga vel um landið og fara ekki yfir viðkvæm svæði þannig að á sjái.

Landeigendur sem ekki eiga tök á að útvega smala í álögð söfn skulu láta viðkomandi fjallkónga vita sem fyrst.

Smölun heimalanda:

Vakin skal athygli á 23. grein Fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu en þar segir:

„Hver eigandi eða umráðamaður lands er skyldur til að smala heimaland sitt eigi síðar en viku fyrir auglýstan hrútafellingardag og það eins þó landeigandi eða umráðamaður eigi þar ekki fjárvon sjálfur.

Vanræki einhver að smala heimaland sitt, getur sveitarstjórn látið smala það á hans kostnað, og greiðir hann að auki sekt samkv. ákvæðum 20. gr.”

Smala skal heimaland eigi síðar en 24. október. Þeir sem ekki hafa tök á að sjá um smölun á sínu heimalandi skv. 23. grein fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu skulu snúa sér til sveitarstjóra Skaftárhrepps eða fjallskilanevndarinnar.

Landbótaáætlun 2015-2024:

Samkomulag um landbótaáætlun fyrir Síðumannaafrétt var endurnýjað í árslok 2014 og gildir frá 2015 til 2024. Samkvæmt landnýtingaáætluninni skal svæði nyrðst á afréttinum haldið fjárlausu.

Vitnað orðrétt í landbóta- og landnýtingaáætlun:

“ **Svæði friðuð fyrir sauðfjárbreit:** Mestu rof- og sandsvæði á afréttinum eru nyrst á honum og liggja að Skaftá og Vatnajökli. Svæði sem haldið verður fjárlausu afmarkast af Skaftá og Vatnajökli að norðan. Frá Vatnajökli afmarkast umrætt svæði af markalínu friðlands í Lakagígum að Blæng. Þaðan liggur lína sem afmarkar svæðið við hraunbrúnina norðan við Blæng og Varmárfell, vestur að skeri sem er austan við Hnútu og þaðan að Skaftá á móts við Uxatinda, samanber mynd 1 á fylgiskjali 1.

Fé sem gengur á svæðunum sem friðuð skulu fyrir beit verði fargað eða haldið heima. Einnig er miðað við að setja ekki á gimbrar undan ám sem ganga á þessum svæðum. Skráð verður á hverju ári fjöldi fjár innan svæðisins, númer áa og nafn eigenda. Með því að halda þessum sandsvæðum fjárlausum minnkar verulega sá hluti af beitilandi afréttarins sem talin er til auðna, með miklu og mjög miklu jarðvegsrofi. Ábyrgðaraðilar með skráningu þessari og eftirfylgni með henni eru fjallkóngar afréttarins og formenn fjallskilanevnda.”

Er fjallkóngum í samvinnu við aðra fjallmenn falið að fylgja þessari samþykkt eftir og afhenda skrá yfir það fé sem fangað er á ofangreindu svæði formanni fjallskilanevndar.

Afréttur árið 2016

Fjallskilanevnd hefur ákveðið að stefnt skuli að því að farið verði í I. safn 2016 þriðjudaginn 6. september og að öllu forfallalausum yrði þá réttað laugardaginn 10. september.

Fanney Ólöf Lárusdóttir, formaður
Eyþór Valdimarsson
Valmundur Guðmundsson

LANDBROTSAFRÉTTUR

FJALLSKIL HAUSTIÐ 2015

| HEIMILISFANG | 1. SAFN | 2. SAFN | 3. SAFN | ÁLAGNING: 29.608 kr/býli + 454 kr/kind | GREIÐSLUR FYRIR UNNIN SÖFN 13.613 kr/dag | MISMUNUR + KR = INNEIGN - KR = SKULD |
|------------------|-----------|-----------|----------|--|---|--|
| ARNARDRANGUR | 1 | | | 29.608 | 54.452 | 24.844 |
| FOSSAR | 2 | 1 | 1 | 189.487 | 163.356 | -26.131 |
| YTRA-HRAUN | 1 | | | 29.608 | 54.452 | 24.844 |
| EYSTRÁ-HRAUN | 1 | | | 29.608 | 54.452 | 24.844 |
| SEGLBÚÐIR | 1 | 2 | | 146.792 | 108.904 | -37.888 |
| ÞYKKVIBÆR I | 1 | | | 29.608 | 54.452 | 24.844 |
| ÞYKKVIBÆR II | 1 | | | 29.608 | 54.452 | 24.844 |
| ÞYKKVIBÆR III | 2 | 1 | 2 | 218.102 | 190.582 | -27.520 |
| HRAUNKOT | 1 | 1 | 1 | 129.987 | 108.904 | -21.083 |
| FAGURHLÍÐ | 1 | | | 29.608 | 54.452 | 24.844 |
| SÓLHEIMAR | | 1 | | 29.608 | 27.226 | -2.382 |
| EYSTRÍ-DALBÆR | 1 | | | 29.608 | 54.452 | 24.844 |
| SYÐRI-VÍK | 1 | | | 29.608 | 54.452 | 24.844 |
| EFRI-VÍK | | 1 | | 29.608 | 27.226 | -2.382 |
| HÓLMUR | | 1 | | 29.608 | 27.226 | -2.382 |
| SKAFTÁRDALUR I | 1 | | | 29.608 | 54.452 | 24.844 |
| SKAFTÁRDALUR II | | 1 | | 29.608 | 27.226 | -2.382 |
| SKAFTÁRDALUR III | 1 | | | 29.608 | 54.452 | 24.844 |
| HEIÐARSEL | | 1 | | 29.608 | 27.226 | -2.382 |
| HEIÐI | 1 | | | 29.608 | 54.452 | 24.844 |
| TUNGA | | 1 | | 29.608 | 27.226 | -2.382 |
| SKÁL | 1 | | | 29.608 | 54.452 | 24.844 |
| SAMTALS | 18 | 11 | 4 | 1.217.317 | 1.388.526 | 171.209 |

MIÐAFRÉTTUR

FJALLSKIL HAUSTIÐ 2015

| HEIMILISFANG | 1. SAFN | 2. SAFN | 3. SAFN | ÁLAGNING: 29.608 kr/býli + 454 kr/kind | GREIÐSLUR FYRIR UNNIN SÖFN 13.613 kr/dag | MISMUNUR + KR = INNEIGN - KR = SKULD |
|------------------------|-----------|----------|----------|--|---|--|
| GEIRLAND | 1 | | | 29.608 | 54.452 | 24.844 |
| MÖRK | 2 | 2 | 1 | 275.786 | 190.582 | -85.204 |
| KIRKJUBÆR II | 1 | | | 51.864 | 54.452 | 2.588 |
| KIRKJUBÆJARKLAUSTUR II | 2 | 1 | 2 | 279.419 | 190.582 | -88.837 |
| HUNKUBAKKAR BKH | 1 | 2 | 1 | 174.683 | 136.130 | -38.553 |
| HUNKUBAKKAR PHH | 1 | 1 | | 72.034 | 81.678 | 9.644 |
| ÁSGARÐUR | 1 | 1 | | 149.518 | 81.678 | -67.840 |
| HOLT | | 1 | | 29.608 | 27.226 | -2.382 |
| NÝIBÆR | 1 | | | 29.608 | 54.452 | 24.844 |
| HÆÐARGARÐUR | 1 | | | 29.608 | 54.452 | 24.844 |
| HÁTÚN | 1 | | | 29.608 | 54.452 | 24.844 |
| SAMTALS | 12 | 8 | 4 | 1.151.345 | 980.136 | -171.209 |

| | | | |
|--|------------------|------------------|----------|
| Álagning vegna fjallskila samtals kr. | 2.368.662 | 2.368.662 | 0 |
|--|------------------|------------------|----------|